# GEBERIT HANDLAUGATÆKI PIAVE OG BRENTA

GEBERIT




# VIÐHALDS-LEIÐBEININGAR

KNOW HOW INSTALLED

CONNECT

971.208.00.0(00)

# Öryggi

## Um þetta skjal

Í þessu skjali er fjallað um tilskilið viðhald á eftirfarandi vörum:

- Geberit handlaugatæki Piave, standandi og veggfest
- Geberit handlaugatæki Brenta, standandi og veggfest

Þetta skjal gildir um hönnun þessa handlaugarbúnaðar með Bluetooth®-tengi. Þessi handlaugarbúnaður er merktur á merkiplötunni með „IWT-17-A“ og Geberit Connect-kennimerkismerkingu.

## Markhópur

Eingöngu fagfólk má annast viðhald og viðgerðir á þessari vöru. Fagaðili er sá sem býr að faglegri menntun, þjálfun og/eða reynslu sem gerir viðkomandi kleift að greina og forðast hættur sem stafað geta af notkun vörunnar.

## Rétt notkun

Geberit handlaugatæki Piave og Brenta eru ætluð fyrir neysluvatnslagnir. Öll önnur notkun telst vera röng. Geberit tekur enga ábyrgð á afleiðingum rangrar notkunar.

## Skýring á viðvörunartilkynningum

Viðvörunartilkynningum er komið fyrir á þeim stað þar sem hættan getur skapast.

Viðvörunartilkynningum er háttað þannig:

---

⚠ **VIÐVÖRUN**
**Náttúra og uppspretta hættu**
Hugsanlegar afleiðingar ef hættunni er ekki fylgt.

► Aðgerðir til að forðast hættuna.

Eftirfarandi merkingarorð eru notuð til að vísa til afgangshættu í viðvörunartilkynningum og mikilvægum upplýsingum.

| Tákn | Viðvörunarorð og þýðing |
|---|---|
| ⚠ | **VARÚÐ**<br>Þetta viðvörunarorð gefur til kynna minniháttar hættu sem getur leitt til lítilla eða óverulegra meiðsla ef ekki eru gerðar fyrirbyggjandi ráðstafanir. |
| ℹ | Aðeins gefið til kynna með tákni.<br>Bendir á mikilvægar upplýsingar |

## Öryggisupplýsingar

Ef viðhald og viðgerðir fara ekki fram á réttan hátt getur það haft skemmdir og bilanir í för með sér.

- Notið eingöngu upprunalega varahluti til viðgerða.
- Ekki skal breyta vörunni eða bæta neinu við hana.


99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

# Vörulýsing

## Uppbygging standandi blöndunartækja




Mynd 1: Geberit handlaugatæki Piave og Brenta, standandi

| | |
|---|---|
| 1 | Krani með hlífðarslöngu |
| 2 | Haus á krana |
| 3 | Innrauður skynjari |
| 4 | Lok eða hlíf |
| 5 | Aflgjöf (aflgjafi, rafhlöðuhólf eða rafhlaða fyrir notkun með rafal) |
| 6 | Rafeindastýring |
| 7 | Körfusía |
| 8 | Blöndunarbúnaður |
| 9 | Blöndunartæki með hitastilli |
| 10 | Virknieining |
| 11 | Segulloki |
| 12 | Lokunarbúnaður |

# Uppbygging veggfestra blöndunartækja




Mynd 2: Geberit handlaugatæki Piave og Brenta, veggfest

| | |
|---|---|
| 1 | Krani |
| 2 | Haus á krana |
| 3 | Innrauður skynjari |
| 4 | Lok |
| 5 | Aflgjöf (aflgjafi, rafhlöðuhólf eða rafhlaða fyrir notkun með rafal) |
| 6 | Rafeindastýring |
| 7 | Körfusía |
| 8 | Blöndunarbúnaður |
| 9 | Blöndunartæki með hitastilli |
| 10 | Virknieining |
| 11 | Segulloki |
| 12 | Lokunarbúnaður |

## Tæknilegar upplýsingar

Eftirfarandi tæknilegar upplýsingar eiga við um Geberit handlaugatæki af gerðinni Piave og Brenta, standandi og veggfest.

| | Raftenging | Notkun með rafhlöðu[1] | Notkun með rafal[2] |
|---|---|---|---|
| Málspenna | 110–240 V AC | – | – |
| Raforkutíðni | 50–60 Hz | – | – |
| Vinnsluspenna | 4,5 V DC | 3 V DC | 3,2 V DC |
| Gerð rafhlaða | – | Alkaline (1,5 V AA) | – |
| Inngangsafl | 0,1 W | – | – |
| Þrýstisvið við notkun | 0,5–10 bör | 0,5–10 bör | 2–10 bör |
| Ráðlagður vinnsluþrýstingur með blöndunartækjum með hitastilli | 0,5–5 bör | 0,5–5 bör | – |
| Umhverfishiti | 1–40 °C | 1–40 °C | 1–40 °C |
| Hitastig við geymslu | -20 – +70 °C | -20 – +70 °C | -20 – +70 °C |
| Hámarkshitastig vatns | 60 °C | 60 °C | 60 °C |
| Hámarkshitastig vatns í skamma stund | 90 °C | 90 °C | 90 °C |
| Hitastig vatns, stillisvið með blöndunartækjum með hitastilli | 20–42 °C | 20–42 °C | – |
| Gegnumflæði við 3 bör[3] | 5 l/mín. | 5 l/mín. | 5 l/mín. |
| Þráðlaus tækni | Bluetooth® Low Energy[4] | | |
| Tíðnisvið | 2400–2483,5 MHz | | |
| Mesta útgangsafl | 4 dBm | | |

– Á ekki við

1) Rafhlaðan endist í u.þ.b. 200.000 aðgerðir.

2) Ef handlaugatækin eru notuð að meðaltali oftar en 50 sinnum á dag í 4 sekúndur í senn eru þau sjálfum sér næg um rafmagn.

3) Kranahausar sem takmarka rennsli við 1,3 l/mín., 1,9 l/mín. eða 3,8 l/mín. eru fáanlegir sem aukabúnaður.

4) Vörumerkið Bluetooth® og kennimerki þess eru eign Bluetooth SIG, Inc. og notkun Geberit á því er háð leyfi.

## Einfölduð ESB-samræmisyfirlýsing

Hér með lýsir Geberit International AG því yfir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn af gerðinni Geberit handlaugatæki af gerðinni Piave og Brenta sem eru tengd við rafmagn eða ganga fyrir rafhlöðum eða rafal samræmist tilskipun 2014/53/ESB.

Nálgast má texta ESB-samræmisyfirlýsingarinnar í heild sinni á eftirfarandi vefslóð: https://doc.geberit.com/970895000.pdf

# Notkun

## Öpp frá Geberit

Geberit býður upp á mismunandi öpp fyrir stjórnun, stillingar og viðhald. Öppin eiga samskipti við tækið með Bluetooth®-tengingu.

Hægt er að sækja öppin frá Geberit ókeypis í viðkomandi forritaveitu fyrir Android- og iOS-snjallsíma.

### Koma á tengingu við tæki

▶ Skannaðu QR kóða og fylgdu leiðbeiningunum á áfangasíðunni.

Geberit Apps

https://gbrt.io/dsvFD0E

## Gert við bilanir

Rekstraraðili getur sjálfur gert eftirfarandi ráðstafanir til að gera við bilanir:

- Hausinn á krananum þrifinn
- Körfusían þrifin
- Skiptið um rafhlöðurnar.
- Hleðslurafhlaða fyrir notkun með rafal hlaðin

Þessum ráðstöfunum er lýst í notkunarleiðbeiningum 970.664.00.0.

| Bilun | Orsök | Úrbætur |
|---|---|---|
| Of lítill kraftur er á vatninu | Hausinn á krananum er óhreinn | ▶ Hausinn á krananum þrifinn → Sjá notkunarleiðbeiningar 970.664.00.0. |
| | Körfusían er stífluð | ▶ Hreinsið körfusíuna. → Sjá notkunarleiðbeiningar 970.664.00.0. |
| | Of lítill þrýstingur er í lögninni | ▶ Athugið þrýstinginn í lögninni (0,5–10 bör). |
| Skolun ekki sett af stað | Of lítill þrýstingur er í lögninni | ▶ Athugið þrýstinginn í lögninni (0,5–10 bör). |
| | Rafmagnsleysi | ▶ Athugið tengingu við rafmagn. |
| | Rafhlöður tómar eða hleðslurafhlaða tóm | ▶ Skiptið um rafhlöður eða hlaðið hleðslurafhlöðuna fyrir notkun með rafal. → Sjá notkunarleiðbeiningar 970.664.00.0. |
| | Handlaugatækin eru í þrifastillingu (rauða ljósdíóðan blikkar) | ▶ Bíðið í u.þ.b. 2 mínútur. |
| | Skynjunarfjarlægð rangt stillt | ▶ Fínstillið skynjunarfjarlægðina. |
| | Truflandi endurkast frá vaskinum | ▶ Fínstillið skynjunarfjarlægðina. |
| | Segulloki í ólagi | ▶ Skiptið um segulloka. → Sjá "Skipt um segulloka", bls. 13. |
| | Innrauður skynjari í ólagi | ▶ Skiptið um innrauða skynjarann. |
| | Rafeindastýring í ólagi | ▶ Endurræsið rafeindastýringuna. → Sjá Rafeindastýringin endurræst.<br>▶ Skiptið um rafeindastýringu. |
| Sírennsli | Truflandi hlutir á skynjunarsvæðinu | ▶ Fjarlægið fyrirstöður af skynjunarsvæðinu. |
| | Segulloki í ólagi | ▶ Skiptið um segulloka. → Sjá "Skipt um segulloka", bls. 13. |
| | Innrauður skynjari í ólagi | ▶ Skiptið um innrauða skynjarann. |
| | Of mikill þrýstingur er í lögninni | ▶ Athugið þrýstinginn í lögninni (0,5–10 bör). |
| | Rafeindastýring í ólagi | ▶ Endurræsið rafeindastýringuna. → Sjá Rafeindastýringin endurræst.<br>▶ Skiptið um rafeindastýringu. |

| Bilun | Orsök | Úrbætur |
|---|---|---|
| Vatn rennur að óþörfu, of snemma eða of seint | Gluggi innrauða skynjarans er óhreinn eða blautur | ▶ Hreinsið glugga innrauða skynjarans eða þurrkið af honum. |
| | Gluggi innrauða skynjarans er rispaður | ▶ Skiptið um innrauða skynjarann. |
| | Skynjunarfjarlægð innrauða skynjarans er rangt stillt | ▶ Fínstillið skynjunarfjarlægðina. |
| | Ytri áhrif trufla innrauða skynjarann (t.d. speglar, málmfletir eða vaskar úr gleri) | ▶ Endurræsið rafeindastýringuna. → Sjá Rafeindastýringin endurræst.<br>▶ Kvarðið innrauða skynjarann að nýju. → Sjá Skynjunarfjarlægð innrauða skynjarans stillt. |
| | Þrýstingssveiflur í vatnslögnum | ▶ Setjið upp hentugan þrýstistilli. |
| Vatn rennur úr krananum | Óþéttur vatnsvegur | ▶ Athugið vatnsveginn.<br>▶ Skiptið um tengislöngu og þéttingar. |
| | Segulloki lokar ekki rétt | ▶ Hreinsið segullokann eða skiptið um hann. → Sjá "Skipt um segulloka", bls. 13. |
| Ekki er hægt að stilla hitastig vatnsins (aðeins á handlaugatækjum með blöndunarbúnaði eða blöndunartækjum með hitastilli) | Körfusía óhrein | ▶ Hreinsið körfusíuna. → Sjá notkunarleiðbeiningar 970.664.00.0. |
| | Mismunaþrýstingur milli kalda- og heitavatnslagnar er meiri en 1,5 bör | ▶ Leiðréttið mismunaþrýstinginn.<br>▶ Komið fyrir flæðistakmarkara eða þrýstiminnkunarloka. |
| | Hitastig vatnsins er of lágt eða of hátt | ▶ Athugið hitastigið á vatninu. |
| Hitastig vatnsins er ekki stöðugt (aðeins á handlaugatækjum með blöndunartækjum með hitastilli) | Blöndunartæki með hitastilli eru í ólagi | ▶ Skiptið um virknieininguna með blöndunartækjunum með hitastilli. → Sjá "Skipt um virknieiningu", bls. 10. |
| Hitastig vatnsins er > 42 °C (aðeins á handlaugatækjum með blöndunartækjum með hitastilli) | Takmörkun á hitastigi var gerð óvirk í blöndunartækjum með hitastilli, til dæmis á meðan á hitasótthreinsun stendur | ▶ Gerið takmörkun á hitastigi aftur virka. → Sjá "Hitasótthreinsun framkvæmd", bls. 9. |
| | Blöndunartæki með hitastilli eru í ólagi | ▶ Skiptið um virknieininguna með blöndunartækjunum með hitastilli. → Sjá "Skipt um virknieiningu", bls. 10. |
| Rauða ljósdíóðan blikkar á meðan skolað er | Rafhlöðurnar eru næstum tómar eða lítil hleðsla eftir á hleðslurafhlöðunni | ▶ Skiptið um rafhlöður eða hlaðið hleðslurafhlöðuna fyrir notkun með rafal. → Sjá notkunarleiðbeiningar 970.664.00.0. |

2 / 2


99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

# Viðhald

## Viðhald sem rekstraraðili sinnir

Rekstraraðili getur sjálfur sinnt eftirfarandi viðhaldi.
→ Sjá notkunarleiðbeiningar 970.664.00.0.

- Virkið hreinsistillinguna með Geberit appinu
- Virkið viðvarandi skolun með Geberit appinu
- Kraninn þrifinn
- Hausinn á krananum þrifinn
- Hitastig vatnsins stillt
- Körfusían þrifin
- Skiptið um rafhlöðurnar.
- Hleðslurafhlaða fyrir notkun með rafal hlaðin

## Viðhald sem fagaðili skal annast

Fagaðilar verða að annast það viðhald sem lýst er í eftirfarandi köflum.

## Hitasótthreinsun framkvæmd

Ef örverumengun er í neysluvatnslögnum getur verið nauðsynlegt að hitasótthreinsa neysluvatnslagnirnar. Hitunin eyðir þá örverum úr vatninu.

Geberit Handlaugatæki af gerðinni Piave og Brenta með blöndunartækjum með hitastilli eru búin brunavörn. Hitastig vatnsins er þá takmarkað við 42 °C. Við hitasótthreinsun verður að gera takmörkun á hitastigi óvirka í blöndunartækjunum til þess að hægt sé að hækka hitastigið á vatninu.

Þegar hitasótthreinsun fer fram verður 70 °C heitt vatn að renna út um öll op í að minnsta kosti 3 mínútur.

**1** Takið lokið af. → Sjá myndaröð 1, bls. 44.

**2** Gerið takmörkun á hitastigi óvirka. Ýtið gorminum inn með skrúfjárni og opnið hjólið alveg.




✓ Liturinn í glugganum verður rauður.

**3** Hitið neysluvatnshitarann upp í að minnsta kosti 70 °C.

⚠ **VARÚÐ**

**Hætta er á því að brenna sig**

Brunameiðsl vegna heits vatns

► Farið ekki með hendur undir handlaugatækin.

**4** Opnið segullokann Geberit með fjarstýringunni. → Sjá "Stillingar með Geberit fjarstýringunni", bls. 32, valmyndaratriði 20.

5 Gætið þess að 70 °C heitt vatn renni í að minnsta kosti 3 mínútur. Mælið með hitamæli.

6 Lokið segullokanum.

7 Gerið takmörkun á hitastigi aftur virka. Lokið hjólinu og stillið hitastigið (20–42 °C).




✓ Liturinn í glugganum verður blár.

8 Athugið hitastigið á vatninu.



9 Setjið lokið á. → Sjá myndaröð 4, bls. 48.

## Skipt um virknieiningu

1 Takið lokið af. → Sjá myndaröð 1, bls. 44.

2 Lokið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum. → Sjá myndaröð 2, bls. 46.

3 Setjið skolun í gang til að hleypa þrýstingi af.

4 Takið rafeindastýringuna úr.

5 Takið allar leiðslur úr sambandi.

6 Takið rafmagnssnúruna úr festingunni og takið aflgjafann, rafhlöðuhólfið eða hleðslurafhlöðuna úr.



## 7 Takið virknieininguna úr og fargið henni.







## 8 Fjarlægið hetturnar og berið feiti á O-hringina.





Athugið slöngutengið.



Ef notuð er virknieining án blöndunartækja með hitastilli er hægt að nota slöngutengi í einum eða tveimur hlutum.



Ef notuð er virknieining með blöndunartækjum með hitastilli verður að nota slöngutengi í tveimur hlutum (vörunúmer 244.632.00.1). Ef þörf krefur skal skipta um slöngutengið.
Takið fremri hluta slöngutengisins af.






9 Setjið nýja virknieiningu í.






**10** Setjið aflgjafann, rafhlöðuhólfið eða hleðslurafhlöðuna í og komið rafmagnssnúrunni fyrir í festingunni.




**11** Tengið snúruna við rafeindastýringuna. → Sjá myndaröð 3, bls. 47.

**12** Setjið rafeindastýringuna í.

**13** Opnið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum.

**14** Athugið hvort blöndunartækin virka rétt.

**15** Hitastig vatnsins stillt → Sjá notkunarleiðbeiningar 967.455.00.0.

**16** Setjið lokið á. → Sjá myndaröð 4, bls. 48.

## Skipt um segulloka

**1** Takið lokið af. → Sjá myndaröð 1, bls. 44.

**2** Lokið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum. → Sjá myndaröð 2, bls. 46.

**3** Setjið skolun í gang til að hleypa þrýstingi af.

**4** Takið rafeindastýringuna úr.

**5** Takið allar leiðslur úr sambandi.

**6** Takið rafmagnssnúruna úr festingunni og takið aflgjafann, rafhlöðuhólfið eða hleðslurafhlöðuna úr.



## 7 Takið virknieininguna úr.







## 8 Takið segullokann úr og fargið honum.






## 9 Setjið nýjan segulloka í.







## 10 Setjið virknieininguna í.






**11** Setjið aflgjafann, rafhlöðuhólfið eða hleðslurafhlöðuna í og komið rafmagnssnúrunni fyrir í festingunni.




**12** Tengið snúruna við rafeindastýringuna. → Sjá myndaröð **3**, bls. 47.

**13** Setjið rafeindastýringuna í.

**14** Opnið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum.

**15** Athugið hvort blöndunartækin virka rétt.

**16** Setjið lokið á. → Sjá myndaröð **4**, bls. 48.

## Skipt um innrauðan skynjara í standandi blöndunartækjum

**1** Takið lokið af. → Sjá myndaröð **1**, bls. 44.

**2** Lokið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum. → Sjá myndaröð **2**, bls. 46.

**3** Setjið skolun í gang til að hleypa þrýstingi af.

**4** Takið rafeindastýringuna úr.

**5** Takið allar leiðslur úr sambandi.

**6** Losið um skrúfurnar á slöngufestingunni og takið slöngufestinguna af.



**7** Takið hlífðarslönguna af.




**8** Skrúfið langróna af.






**9** Takið festingu blöndunartækjanna af.



**10** Takið blöndunartækin ásamt hlífðarslöngunni af handlauginni.



## 11 Skrúfið neðri hettuna af.




## 12 Takið efri hettuna af.



## 13 Dragið leiðslu skynjarans úr hlífðarslöngunni.



## 14 Losið um skynjarafestinguna.



## 15 Dragið neðri hluta skynjarafestingarinnar úr og ýtið innrauða skynjaranum aftur.




## 16 Dragið skynjarafestinguna úr niður á við og fargið skynjaranum.



## 17 Stingið nýjum skynjara á skynjarafestinguna og setjið hana í blöndunartækin.



## 18 Komið innrauða skynjaranum fyrir í glugganum og ýtið skynjarafestingunni saman.



## 19 Skrúfið skynjarafestinguna á.




## 20 Gangið úr skugga um að innrauða skynjaranum hafi verið komið rétt fyrir í glugganum.



## 21 Fjarlægið hlífðarfilmuna.



## 22 Þræðið leiðslu skynjarans inn í hlífðarslönguna. Gætið þess að taka í gegnum neðri hettuna.




99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

## 23 Setjið efri hettuna á.



## 24 Skrúfið neðri hettuna á.




## 25 Setjið blöndunartækin á handlaugina.



## 26 Stingið festingu blöndunartækjanna á neðan frá.



## 27 Skrúfið festingu blöndunartækjanna á með langró.




## 28 Setjið slöngunippil í.



## 29 Tengið tengislönguna.



## 30 Festið hlífðarslönguna með festingunni.




## 31 Tengið snúruna við rafeindastýringuna. → Sjá myndaröð 3, bls. 47.

## 32 Setjið rafeindastýringuna í.

## 33 Opnið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum.

## 34 Athugið hvort blöndunartækin virka rétt.

## 35 Setjið lokið á. → Sjá myndaröð 4, bls. 48.



99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

## Skipt um innrauðan skynjara í veggföstum blöndunartækjum

**1** Takið lokið af. → Sjá myndaröð **1**, bls. 44.

**2** Lokið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum. → Sjá myndaröð **2**, bls. 46.

**3** Setjið skolun í gang til að hleypa þrýstingi af.

**4** Takið rafeindastýringuna úr.

**5** Takið allar leiðslur úr sambandi.

**6** Losið um festiskrúfuna fyrir blöndunartækin.




**7** Takið blöndunartækin af.



**8** Dragið leiðslu skynjarans úr og fargið skynjaranum.



9 Dragið leiðslu nýja skynjarans í.




10 Skorðið skynjarann í festingu blöndunartækjanna.



11 Setjið blöndunartækin á.



12 Skrúfið blöndunartækin á.




13 Tengið snúruna við rafeindastýringuna. → Sjá myndaröð 3, bls. 47.

14 Setjið rafeindastýringuna í.

15 Opnið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum.

16 Athugið hvort blöndunartækin virka rétt.

17 Setjið lokið á. → Sjá myndaröð 4, bls. 48.

## Skipt um tengislöngu á standandi blöndunartækjum

Ekki þarf að skipta um tengislöngu standandi blöndunartækjanna nema að brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna óhreininda í aðveitulögnum. Leiðbeiningar um hvernig skipta skal um tengislönguna er að finna í uppsetningarleiðbeiningum 967.768.00.0.

Leita skal aðstoðar hjá fagmanni á vegum viðkomandi söluaðila Geberit til að skipta um tengislönguna.

## Skipt um tengislöngu á veggföstum blöndunartækjum

Ekki þarf að skipta um tengislöngu veggföstu blöndunartækjanna nema að brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna óhreininda í aðveitulögnum.

Leita skal aðstoðar hjá fagmanni á vegum viðkomandi söluaðila Geberit til að skipta um tengislönguna.

### Tengislanga á veggföstum blöndunartækjum tekin af

1 Takið lokið af. → Sjá myndaröð 1, bls. 44.

2 Lokið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum. → Sjá myndaröð 2, bls. 46.

3 Setjið skolun í gang til að hleypa þrýstingi af.

4 Takið rafeindastýringuna úr.

5 Takið allar leiðslur úr sambandi.

6 Takið rafmagnssnúruna úr festingunni og takið aflgjafann, rafhlöðuhólfið eða hleðslurafhlöðuna úr.



**7** Takið virknieininguna úr.







**8** Losið tengivinkilinn úr slöngufestingunni.



**9** Takið festipinnann úr og takið tengivinkilinn af tengislöngunni.




**10** Losið um festiskrúfurnar.



## 11 Takið blöndunartækin af.



## 12 Dragið leiðslu skynjarans úr og fargið skynjaranum.




## 13 Skrúfið skrúfurnar úr festingu blöndunartækjanna.




## 14 Takið festingu blöndunartækjanna af.



## 15 Skrúfið slöngufestinguna af.



**16** Dragið tengislönguna úr upp á við.



## Tengislanga á veggföstum blöndunartækjum sett á

**1** Setjið nýju tengislönguna í ofan frá.



**2** Dragið tengislönguna úr neðan frá.



**3** Takið hettuna af.





99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

**4** Tengið tengivinkilinn við tengislönguna og setjið festipinnann í.




**5** Skorðið tengivinkilinn í slöngufestingunni og setjið tengislönguna í stýringuna.



**6** Setjið slöngufestinguna með tengislöngunni í.



**7** Skrúfið slöngufestinguna á.




**8** Setjið festingu blöndunartækjanna á.




**9** Skrúfið festingu blöndunartækjanna á.



## 10 Dragið leiðslu nýja skynjarans í.




## 11 Setjið blöndunartækin á.



## 12 Skrúfið blöndunartækin á.



## 13 Setjið virknieininguna í.







## 14 Setjið aflgjafann, rafhlöðuhólfið eða hleðslurafhlöðuna í og komið rafmagnssnúrunni fyrir í festingunni.




## 15 Tengið snúruna við rafeindastýringuna. → Sjá myndaröð 3, bls. 47.

## 16 Setjið rafeindastýringuna í.

## 17 Opnið fyrir lokunarbúnaðinn eða hornlokana á báðum stöðum.

## 18 Athugið hvort blöndunartækin virka rétt.

## 19 Setjið lokið á. → Sjá myndaröð 4, bls. 48.

## Framkvæmið stillingar

Þessar stillingar skal fagmaður framkvæma þegar búnaðurinn er tekinn í notkun.

Hægt er að framkvæma allar aðgerðir annaðhvort með Geberit appinu eða Geberit fjarstýringunni. Ekki er hægt að framkvæma handvirkar stillingar með innrauða skynjaranum.

### Stillingar með Geberit fjarstýringunni

Með Geberit fjarstýringunni eru eftirfarandi aðgerðir og stillingar í boði:

- Notkun:
  – Skolun: Framkvæmd á skolun
  – Þrif: Skolun hindruð í nokkrar mínútur
- Færibreytur og aðgerðir stilltar, → sjá töfluna „Stillingar“
- Tækisupplýsingar birtar, svo sem rýmd rafhlöðu eða útgáfa fastbúnaðar, → sjá töfluna „Upplýsingar“
- Tölulegar upplýsingar um notkun birtar → sjá töfluna „Upplýsingar“

Í eftirfarandi töflu eru númer og hugtök í dálkinum „Valmyndaratriði“ þau sömu og koma fram á skjá Geberit fjarstýringarinnar. Nánari upplýsingar er að finna í notendahandbók með Geberit fjarstýringunni.

Tafla 1: Stillingar

| Valmyndaratriði<br>[EN]<br>[DE] | Lýsing | Notkun | Svæði | Verksmiðjustilling |
|---|---|---|---|---|
| **Skipanir** | | | | |
| 20<br>[Valve]<br>[Ventil] | **Skolun sett af stað**<br>Skolar þar til skolun er hætt aftur (hám. 10 mínútur). | • Til að prófa hvort segullokinn virki rétt<br>• Til að skola stöðnu vatni út (Stöðnun)<br>• Til að sótthreinsa lagnirnar og blöndunartækin (> 3 mín. við > 70 °C)<br>• Fyrir vetrartæmingu | Á = <OK><br>Af = <OK> | Slökkt |
| 21<br>[RangeTest]<br>[TestErfas] | **Prófun á skynjunarsvæði**<br>Rauða ljósdíóðan blikkar um leið og fyrirstaða er á skynjunarsvæðinu. Engin skolun fer af stað. Aðgerðin er gerð óvirk eftir 90 s. | • Ef vandræði koma upp með skynjun | Á = <OK><br>Af = <OK> | Slökkt |
| 22<br>[ResetSens]<br>[ResetSens] | **Kvörðun á innrauðum skynjurum**<br>Innrauðu skynjararnir eru kvarðaðir á ný.<br>Athugaðu: Við kvörðunina mega engar hendur eða hlutir vera í handlauginni. | • Við truflanir á skynjun<br>• Þegar umhverfið breytist (t.d. ný handlaug) | Ræsing = <OK> | – |
| 23<br>[FactrySet]<br>[Werkseinst] | **Verksmiðjustillingar**<br>Allar aðgerðir eru endursettar á verksmiðjustillingar. | • Til að lagfæra bilanir | Ræsing = <OK> | – |


99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

| Valmyndaratriði<br>[EN]<br>[DE] | Lýsing | Notkun | Svæði | Verksmiðjustilling |
|---|---|---|---|---|
| 24<br>[CleanMode]<br>[Reinigung] | **Sett í þrifastillingu**<br>Lokað er fyrir skolun í 10 mín. Hægt er að stöðva aðgerðina áður en henni lýkur með Geberit fjarstýringunni. | • Til að þrífa blöndunartækin og vaskinn án þess að vatn renni | Ræsing = <OK><br>Stöðva = <OK> | – |
| **Forstillingar** | | | | |
| 30<br>[MainProgr]<br>[Hauptmenü] | **Notkunarstilling**<br>• Venjuleg notkun: Vatn rennur úr krananum svo lengi sem fyrirstaða er á skynjunarsviðinu. Hægt er að stilla stöðvunartíma (valmyndaratriði 43) eftir þörfum.<br>• Neysluvatn sparað: Vatn rennur úr krananum í takmarkaðan tíma (valmyndaratriði 44). | • Til að draga úr vatnsnotkun | [A] = Venjuleg notkun<br>[B] = Neysluvatn sparað | Venjuleg notkun |
| 31<br>[Esaver]<br>[E Sparen] | **Orkusparnaðarstilling**<br>Þegar notkunartíminn er liðinn (valmyndaratriði 40) minnkar viðbragðshraði innrauða skynjarans. Ræsitíminn hefst eftir síðustu notkun. | • Til að auka endingu rafhlöðunnar | Á = [ON]<br>Af = [OFF] | Slökkt |
| 34<br>[IntFlush]<br>[IntervSp] | **Millibilsskolun**<br>• Notendastýrð: Skolun er framkvæmd þegar [tíminn á milli skolunar] (valmyndaratriði 42) er liðinn en tíminn á milli skolunar er endursettur við hverja notkun. Skolunartími ákvarðast af gildinu [skolunartími millibilsskolun] (valmyndaratriði 41).<br>• Millibilsstýrð: Skolun er framkvæmd þegar [tíminn á milli skolunar] (valmyndaratriði 42) er liðinn óháð notkun. Skolunartími ákvarðast af gildinu [skolunartími millibilsskolun] (valmyndaratriði 41). | • Fyllt á vatnslásinn ef notkun er lítil<br>• Til að skola stöðnu vatni út úr röralögninni (af hreinlætisástæðum, til að koma í veg fyrir að vatn sé of lengi óhreyft) | [0] = slökkt<br>[1] = notendastýrð<br>[2] = millibilsstýrð | Notendastýrður |

2 / 4

| Valmyndaratriði<br>[EN]<br>[DE] | Lýsing | Notkun | Svæði | Verksmiðjustilling |
|---|---|---|---|---|
| **Færibreytur** | | | | |
| 40<br>[ESaverT]<br>[EnerSparZ] | **Ræsitími orkusparnaðar**<br>Ef kveikt er á orkusparnaðarstillingunni (valmyndaratriði 31) dregur úr viðbragðshraða innrauða skynjarans þegar ræsitíminn er liðinn. | • Til að auka endingu rafhlöðunnar | 6–48 klst. | 6 klst. |
| 41<br>[IntFlushT]<br>[IntervSpZ] | **Skolunartími millibilsskolunar**<br>Er virkt þegar valmyndaratriði 34 [millibilsskolun] er á [1] eða [2]. | – | 1–200 sek. | 5 sek. |
| 42<br>[IntervalT]<br>[IntervalZ] | **Tími á milli skolunar millibilsskolunar**<br>Er virkt þegar valmyndaratriði 34 [millibilsskolun] er á [1] eða [2]. | – | 1–168 klst. | 24 klst. |
| 43<br>[RunOnTime]<br>[NachlaufZ] | **Biðtími**<br>Í vinnslustillingunni venjuleg notkun (valmyndaratriði 30 = [A]) rennur vatn áfram úr krananum eftir að fyrirstaðan er farin af skynjunarsviðinu út stöðvunartímann. | • Til að hreinsa hluti | 0–30 sek. | 2 sek. |
| 44<br>[WSaverT]<br>[TWSparenZ] | **Gangtími neysluvatn sparað**<br>Í vinnslustillingunni neysluvatn sparað (valmyndaratriði 30 = [B]) rennur vatn áfram úr krananum á meðan fyrirstaða er á skynjarasvæðinu en ekki lengur en gangtími neysluvatns er sparað. | • Til að draga úr vatnsnotkun<br>• Til að láta tiltekið magn vatns renna | 3–30 sek. | 10 sek. |
| 45<br>[DetectRng]<br>[Erfassdis] | **Stilling skynjunarfjarlægðar**<br>Hægt er að stilla skynjunarfjarlægðina í 5 þrepum. | • Til að fínstilla skynjun | 0–4 [...]<br>[0] = lítil fjarlægð<br>[4] = mikil fjarlægð | Veggfest blöndunartæki: 4<br>Standandi blöndunartæki: 3 |

3 / 4


99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

| Valmyndaratriði<br>[EN]<br>[DE] | Lýsing | Notkun | Svæði | Verksmið-justilling |
|---|---|---|---|---|
| 46<br>[SensorUp]<br>[SensOben] | **Aðgerð skynjara hér að ofan**<br>• [Slökkt]: Slökkt er á efri innrauða skynjaranum. (Ekki getur verið slökkt á báðum innrauðu skynjurunum í einu.)<br>• [Kyrrstætt]: Innrauði skynjarinn nemur kyrrstæða hluti og hluti sem hreyfast.<br>• [Hreyfiskynjun]: Innrauði skynjarinn nemur eingöngu hluti sem hreyfast.<br>• [Sjálfvirkt]: Innrauði skynjarinn velur rétta stillingu sjálfkrafa eftir þörfum. | • Eykur næmi skynjara ef um truflandi ytri áhrif er að ræða (t.d. hluti sem valda miklu endurkasti í rýminu) | [0] = slökkt<br>[1] = kyrrstætt<br>[2] = hreyfiskynjun<br>[3] = sjálfvirkt | Sjálfvirkt |
| 47<br>[SensorLow]<br>[SensUnten] | **Aðgerð skynjara hér að neðan**<br>• [Slökkt]: Slökkt er á neðri innrauða skynjaranum. (Ekki getur verið slökkt á báðum innrauðu skynjurunum í einu.)<br>• [Kyrrstætt]: Innrauði skynjarinn nemur kyrrstæða hluti og hluti sem hreyfast.<br>• [Hreyfiskynjun]: Innrauði skynjarinn nemur eingöngu hluti sem hreyfast.<br>• [Sjálfvirkt]: Innrauði skynjarinn velur rétta stillingu sjálfkrafa eftir þörfum. | • Eykur næmi skynjara ef um truflandi ytri áhrif er að ræða (t.d. hluti sem valda miklu endurkasti í rýminu) | [0] = slökkt<br>[1] = kyrrstætt<br>[2] = hreyfiskynjun<br>[3] = sjálfvirkt | Sjálfvirkt |
| 48<br>[BasinDet]<br>[BeckenDet] | **Vaskar með endurkasti**<br>• [Staðlað]: Innrauðu skynjararnir greina hluti þegar notuð eru venjuleg keramik laugarborð.<br>• [Sjálfvirkt]: Innrauðu skynjararnir velja rétta stillingu sjálfkrafa eftir þörfum.<br>• [Mikið endurkast]: Innrauðu skynjararnir greina hluti þegar notuð eru laugarborð með miklu endurkasti. | • Til að bæta greiningu hjá vöskum með miklu endurkasti (t.d. gljáfægðum vöskum úr ryðfríu stáli) | [0] = staðlað<br>[1] = sjálfvirkt<br>[2] = mikið endurkast | Sjálfvirkt |

4 / 4

Tafla 2: Upplýsingar

| Valmyndaratriði<br>[EN]<br>[DE] | Lýsing |
|---|---|
| **Teljari** | |
| 50<br>[Days?]<br>[SumBetrT?] | **Fjöldi notkunardaga alls**<br>Sýnir fjölda notkunardaga frá upphafi. |
| 51<br>[Uses?]<br>[SumBenut?] | **Fjöldi notkunarskipta alls**<br>Sýnir hversu oft búnaðurinn hefur verið notaður frá upphafi. |
| 52<br>[IntFlush?]<br>[SumIntSp?] | **Fjöldi reglulegra skolana alls**<br>Sýnir hversu oft regluleg skolun hefur farið fram frá upphafi. |
| 53<br>[↯ Days]<br>[↯ SumBetrT] | **Fjöldi notkunardaga síðan kveikt var síðast**<br>Sýnir fjölda notkunardaga frá því að kveikt var síðast á búnaðinum. |
| 54<br>[↯ Uses]<br>[↯ SumBenut] | **Fjöldi notkunarskipta síðan kveikt var síðast**<br>Sýnir hversu oft búnaðurinn hefur verið notaður frá því síðast var kveikt á honum. |
| 55<br>[↯ Flushes]<br>[↯ SumSpül] | **Fjöldi reglulegra skolana síðan kveikt var síðast**<br>Sýnir hversu oft regluleg skolun hefur farið fram frá því að kveikt var síðast á tækjunum. |
| **Upplýsingar um tæki** | |
| 60<br>[TypeNoS]<br>[TypeNoS] | **Vörunúmer innrauðs skynjara**<br>Sýnir vörunúmer innrauða skynjarans.<br>Dæmi: [244617001] = 242.617.00.1 |
| 61<br>[TypeNoC]<br>[TypeNoC] | **Vörunúmer rafeindastýringar**<br>Sýnir vörunúmer rafeindastýringarinnar.<br>Dæmi: [243689001] = 243.689.00.1 |
| 62<br>[SWVersion]<br>[SWVersion] | **Hugbúnaðarútgáfa**<br>Sýnir hugbúnaðarútgáfu rafeindastýringarinnar.<br>Dæmi: [0312] = útgáfa 3.12 |
| 63<br>[SerialNoS]<br>[SerialNoS] | **Raðnúmer innrauðs skynjara**<br>Sýnir raðnúmer innrauða skynjarans.<br>Dæmi: 1234567 |
| 64<br>[SerialNoC]<br>[SerialNoC] | **Raðnúmer rafeindastýringar**<br>Sýnir raðnúmer rafeindastýringarinnar.<br>Dæmi: SSVVXXXXXXX |
| 65<br>[ManufDatS]<br>[ManufDatS] | **Framleiðsludagur innrauðs skynjara**<br>Sýnir hvaða dag innrauði skynjarinn var framleiddur.<br>Dæmi: 101220 = 10. des. 2020 |
| 66<br>[ManufDatC]<br>[ManufDatC] | **Framleiðsludagur rafeindastýringar**<br>Sýnir hvaða dag rafeindastýringin var framleidd.<br>Dæmi: 101220 = 10. des. 2020 |
| 67<br>[TypePower]<br>[Netz/Batt] | **Gerð rafmagns**<br>Sýnir straumgjafa (veitustraumur eða rafhlaða).<br>Dæmi: [0] = rafhlaða / [1] = veitustraumur |

| Valmyndaratriði<br>[EN]<br>[DE] | Lýsing |
|---|---|
| 68<br>[Battery%]<br>[Batterie%] | **Rafhlaða**<br>Sýnir hleðslu rafhlöðu. Þegar hleðslan er komin niður í 10% skal skipta um rafhlöðurnar eða hlaða þær.<br>Dæmi: [73] % |

2 / 2

## Stillingar með Geberit-appi

Þegar Geberit app hefur verið tengt við tækið eru eftirfarandi aðgerðir og stillingar í boði:

- Notkun:
  – Skolun: Skolun sett af stað
  – Þrif: Skolun hindruð í nokkrar mínútur
- Færibreytur og aðgerðir stilltar → sjá töfluna „Stillingar“
- Tækisupplýsingar birtar, svo sem rýmd rafhlöðu eða útgáfa fastbúnaðar → sjá töfluna „Upplýsingar“
- Tölulegar upplýsingar um notkun birtar → sjá töfluna „Upplýsingar“
- Útflutningur tækjaupplýsinga og tölulegra gilda
- Villuboð birt
- Uppfærslur á fastbúnaði framkvæmdar
- Vistun og miðlun forstillinga

Hægt er að vista stillingarnar sem forstillingar í Geberit appinu og færa þær yfir í önnur tæki.

Tafla 3: Stillingar

| Valmyndaratriði | Lýsing | Notkun | Svæði | Verksmiðju stilling |
|---|---|---|---|---|
| **Notkun** | | | | |
| [Skolun] | **Skolun sett af stað**<br>Skolar þar til skolun er hætt aftur (hám. 10 mínútur). | • Til að prófa hvort segullokinn virkar rétt<br>• Til að skola stöðnu vatni út (vatn of lengi óhreyft)<br>• Til að sótthreinsa lagnirnar og blöndunartækin (> 3 mín. við > 70 °C)<br>• Fyrir vetrartæmingu | Kveikt/slökkt | – |
| [Þrif] | **Sett í þrifastillingu**<br>Lokað er fyrir skolun á meðan á [hreinsunartímanum] stendur. | • Til að þrífa blöndunartækin og vaskinn án þess að vatn renni | Kveikt/slökkt | – |
| | [Hreinsunartími] | – | 1–20 mín. | 10 mín. |



99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

| Valmyndaratriði | Lýsing | Notkun | Svæði | Verksmiðju stilling |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| **Tækjastillingar** | | | | |
| [Millibilsskolun] | **Millibilsskolun**<br>• Notendastýrð: Skolun er sett af stað að liðnum [tímanum á milli skolunar] en tíminn á milli skolunar er endursettur við hverja notkun. Skolunartími er ákvarðaður með gildinu [skolunartími].<br>• Millibilsstýrð: Skolun er sett af stað að liðnum [tímanum á milli skolunar] óháð notkun. Skolunartími er ákvarðaður með gildinu [skolunartími].<br>• Mismunarskolun: Skolun er sett af stað að liðnum [tímanum á milli skolunar] óháð notkun. Ef þegar hefur verið skolað innan [tímans milli skolunar] er aðeins skolað með því sem nemur mismuninum gagnvart [skolunartímanum]. | • Fyllt á vatnslásinn ef notkun er lítil<br>• Til að skola stöðnu vatni út úr röralögninni (af hreinlætisástæðum, til að koma í veg fyrir að vatn sé of lengi óhreyft) | [Slökkt], [notendastýrt], [millibilsstýrt], [mismunarskolun] | [Notendastýrt] |
| | [Skolunartími] | – | 1–200 sek. | 5 sek. |
| | [Tími á milli skolunar] | – | 1–168 klst. | 24 klst. |
| [Notkunarstilling] | **Notkunarstillingu breytt**<br>• Venjuleg notkun: Vatn rennur úr krananum svo lengi sem fyrirstaða er á skynjunarsviðinu. Ef nauðsyn krefur er hægt að stilla [biðtíma].<br>• Neysluvatn sparað: Vatn rennur úr krananum svo lengi sem fyrirstaða er á skynjunarsvæðinu, en ekki lengur en [hám. skolunartími] segir fyrir um. | • Til að draga úr vatnsnotkun | [Venjuleg notkun] eða [neysluvatn sparað] | [Venjuleg notkun] |
| | [Biðtími] | – | 0–30 sek. | 2 sek. |
| | [Hám. skolunartími] | – | 3–30 sek. | 10 sek. |

2 / 4

<table>
<tr><th>Valmyndaratriði</th><th>Lýsing</th><th>Notkun</th><th>Svæði</th><th>Verksmiðju stilling</th></tr>
<tr><td rowspan="3">[Skynjunarsvæði]</td><td>Prófun á skynjunarsvæði<br>Sýnir hvenær skynjarinn skynjar notkun. Hægt er að kvarða skynjarann að nýju ef truflanir á skynjun koma upp eða umhverfið breytist. Umhverfið er endurmetið.</td><td>• Ef vandræði koma upp með skynjun</td><td>Sjálfvirkt</td><td>–</td></tr>
<tr><td>[Skynjunarsvæði]</td><td>• Til að fínstilla skynjun</td><td>Lítil yfir í langa fjarlægð [0–4]</td><td>Veggfest blöndunartæki: [4]<br>Standandi blöndunartæki: [3]</td></tr>
<tr><td>[Skynjari kvarðaður að nýju]<br>Athugið: Meðan á kvörðuninni stendur mega engar hendur eða hlutir vera í handlauginni.</td><td>• Við truflanir á skynjun<br>• Þegar umhverfið breytist (t.d. ný handlaug)</td><td>[Hefjið kvörðun]</td><td>–</td></tr>
<tr><td>[Skynjari að ofan]</td><td>Kveikt á skynjara að ofan<br>• [Slökkt]: Slökkt er á efri innrauða skynjaranum. (Ekki getur verið slökkt á báðum innrauðu skynjurunum í einu.)<br>• [Kyrrstætt]: Innrauði skynjarinn nemur kyrrstæða hluti og hluti sem hreyfast.<br>• [Hreyfiskynjun]: Innrauði skynjarinn nemur eingöngu hluti sem hreyfast.<br>• [Sjálfvirkt]: Innrauði skynjarinn velur rétta stillingu sjálfkrafa eftir þörfum.</td><td>• Eykur skynjunaröryggi ef um truflandi ytri áhrif er að ræða (t.d. hluti sem valda miklu endurkasti í rýminu)</td><td>[Slökkt], [kyrrstætt], [hreyfiskynjun], [sjálfvirkt]</td><td>[Sjálfvirkt]</td></tr>
<tr><td>[Skynjari að neðan]</td><td>Kveikt á skynjara að neðan<br>• [Slökkt]: Slökkt er á neðri innrauða skynjaranum. (Ekki getur verið slökkt á báðum innrauðu skynjurunum í einu.)<br>• [Kyrrstætt]: Innrauði skynjarinn nemur kyrrstæða hluti og hluti sem hreyfast.<br>• [Hreyfiskynjun]: Innrauði skynjarinn nemur eingöngu hluti sem hreyfast.<br>• [Sjálfvirkt]: Innrauði skynjarinn velur rétta stillingu sjálfkrafa eftir þörfum.</td><td>• Eykur skynjunaröryggi ef um truflandi ytri áhrif er að ræða (t.d. hluti sem valda miklu endurkasti í rýminu)</td><td>[Slökkt], [kyrrstætt], [hreyfiskynjun], [sjálfvirkt]</td><td>[Sjálfvirkt]</td></tr>
</table>

3 / 4


99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

| Valmyndaratriði | Lýsing | Notkun | Svæði | Verksmiðju stilling |
|---|---|---|---|---|
| [Endurkast] | **Sett í stillingu fyrir handlaugar með endurkasti**<br>• [Venjulegt]: Innrauðu skynjararnir greina hluti þegar notaðar eru venjulegar handlaugar úr keramíki.<br>• [Sjálfvirkt]: Innrauðu skynjararnir velja rétta stillingu sjálfkrafa eftir þörfum.<br>• [Mikið endurkast]: Innrauðu skynjararnir greina hluti þegar notaðar eru handlaugar með miklu endurkasti. | • Til að bæta greiningu hjá handlaugum með miklu endurkasti (t.d. gljáfægðum handlaugum úr ryðfríu stáli) | [Venjulegt], [sjálfvirkt], [mikið endurkast] | Sjálfvirkt |
| [Orkusparnaður] | **Sett í orkusparnaðarstillingu**<br>Þegar [ræsitíminn] er liðinn minnkar viðbragðshraði innrauða skynjarans. [Ræsitíminn] hefst eftir síðustu notkun. | • Til að auka endingu rafhlöðunnar | Kveikt/slökkt | Slökkt |
| | [Ræsitími] | – | 6–48 klst. | 6 klst. |
| [Rúmmáls-streymi] | **Rúmmálsstreymi**<br>Til þess að geta reiknað út vatnsnotkun þarf að tilgreina rúmmálsstreymi við skolun. Rúmmálsstreymið ræðst af hausnum á krananum. Þegar skipt er um hausinn á krananum verður að breyta rúmmálsstreyminu til samræmis. | • Til að reikna út vatnsnotkun fyrir tölfræðieiginleika | 1,3 l/mín.<br>1,9 l/mín.<br>3,8 l/mín.<br>5 l/mín.<br>0,5–7 l/mín. (skilgreint af notanda) | 5 l/mín. |
| [Vista sem forstillingu] | **Forstillingar**<br>Núverandi stillingar vistast í appinu og þannig má yfirfæra þær á önnur tæki. | Til að taka fleiri tæki í notkun með sömu stillingum | – | – |
| [Verksmiðjustillingar] | **Verksmiðjustillingar**<br>Allar aðgerðir eru endursettar á verksmiðjustillingar. | • Til að lagfæra bilanir | – | – |

4 / 4

Tafla 4: Upplýsingar

| Valmyndaratriðið Geberit app | Lýsing |
|---|---|
| [Nafn] og [lykilorð] | Hægt er að velja nafn og lykilorð fyrir hvert tæki fyrir sig. |
| **Upplýsingar** | |
| [Vörunúmer innrauðs skynjara] | Sýnir vörunúmer innrauða skynjarans. |
| [Vörunúmer rafeindastýringar] | Sýnir vörunúmer rafeindastýringarinnar. |
| [Útgáfa fastbúnaðar] | Sýnir útgáfu fastbúnaðar rafeindastýringarinnar. |
| [Raðnúmer innrauðs skynjara] | Sýnir raðnúmer innrauða skynjarans. |
| [Raðnúmer rafeindastýringar] | Sýnir raðnúmer rafeindastýringarinnar. |
| [Framleiðsludagur innrauðs skynjara] | Sýnir hvaða dag innrauði skynjarinn var framleiddur. |
| [Framleiðsludagur rafeindastýringar] | Sýnir hvaða dag rafeindastýringin var framleidd. |
| [Gerð rafmagns] | Sýnir straumgjafa (veitustraumur eða rafhlaða). |
| **Tölulegar upplýsingar** | |
| [Tölulegar upplýsingar] | Birtir ýmsar upplýsingar, svo sem um hversu oft búnaðurinn hefur verið notaður eða um vatnsnotkun á tilteknu tímabili. |
| **Teljari** | |
| [Notkunardagar alls] | Sýnir fjölda notkunardaga frá upphafi. |
| [Notkunardagar frá því síðast var hleypt á straumi] | Sýnir fjölda notkunardaga frá því að kveikt var síðast á búnaðinum. |
| [Notkunarskipti alls] | Sýnir hversu oft búnaðurinn hefur verið notaður frá upphafi. |
| [Notkun síðan síðast var kveikt] | Sýnir hversu oft búnaðurinn hefur verið notaður frá því síðast var kveikt á honum. |
| [Skolanir alls] | Sýnir hversu oft hefur verið skolað frá því búnaðurinn var tekinn í notkun. |
| [Skolanir síðan síðast var kveikt] | Sýnir hversu oft hefur verið skolað frá því síðast var kveikt á búnaðinum. |
| [Regluleg skolun alls] | Sýnir hversu oft regluleg skolun hefur farið fram frá upphafi. |
| [Reglulegar skolanir síðan síðast var kveikt] | Sýnir hversu oft regluleg skolun hefur farið fram frá því að kveikt var síðast á tækjunum. |

# Förgun

## Innihaldsefni

Vara þessi uppfyllir kröfur tilskipunar 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (RoHS).

## Förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs



Táknið með yfirstrikuðu sorptunnunni á hjólum merkir að ekki má fleygja raf- og rafeindabúnaðarúrgangi með venjulegu heimilissorpi, heldur skal flokka hann og skila honum til förgunar. Notendum ber lögum samkvæmt að skila úr sér gengnum búnaði til viðeigandi förgunar hjá opinberum förgunaraðila, söluaðila eða Geberit. Ýmsum söluaðilum raf- og rafeindabúnaðar er skylt að taka við raf- og rafeindabúnaðarúrgangi án endurgjalds. Til að skila búnaði til Geberit skal hafa samband við þar til bæran sölu- eða þjónustuaðila.

Rafgeyma og rafhlöður sem búnaðurinn umlykur ekki og perur sem hægt er að taka úr búnaðinum án þess að eyðileggja þær skal fjarlægja úr búnaðinum áður en honum er skilað til förgunar.

Ef persónuupplýsingar eru vistaðar í úr sér gengna búnaðinum bera , notendur sjálfir ábyrgð á að eyða þeim áður en búnaðinum er skilað til förgunar.

## 1



1 A 44



1 B 45



1 C 45



1 D 46

## 1 A

### 1




### 2






99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

**1** **B**

1




2




**1** **C**

▶



# 1 D

## 1



## 2




# 2

## 1








99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

## 2



## 3



## 4




# 3

## 1



## 2



## 3





## 4



# 4



→ **4 A** 49



→ **4 B** 49



→ **4 C** 50



→ **4 D** 50



99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)

## 4 A

### 1




### 2




## 4 B

### 1




### 2



4 C

▶



4 D

1




2



**Geberit International AG**
**Schachenstrasse 77, CH-8645 Jona**
**documentation@geberit.com**
**www.geberit.com**



99079193583897099 © 03-2022
971.208.00.0(00)